

Stjórnarfundur

Fundargerð fimmtudagur 3. nóvember 2022 kl. 13:00

Mættir,

Magnús Harðarson, Árni Bjarnason, Árni Sverrisson og Páll Ægir Pétursson sem ritar fundargerð.

Á fjarfundi (Teams) voru Guðjón Guðjónsson, Guðlaugur Jónsson, Sigbór Guðnason, Friðrik Höskuldsson, Einar Eiríksson.

Formaður bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 13:00

Dagskrá:

Mál 1. Formaður félagsins Árni Bjarnason hefur ákveðið að láta af störfum sem formaður félagsins frá og með næstu áramótum 2022/2023.

Stjórnin hefur því ákveðið að boða til auka aðalfundar þar sem kynntur verður nýr formaður í félaginu. Fundurinn verður haldinn þann 30. desember 2022.

Formannskosningarnar verða rafrænar, þær hefjast þann 7. desember kl. 15:00 og þeim lýkur þann 29. desember kl. 15:00.

Nýr formaður verður kosinn til eins og hálfis árs, fram að stjórnarkosningum 2024.

Framboðsfrestur til formanns er til 5. desember 2022. Framboðum til formanns skal skila til uppstillingarnefndar félagsins.

Kosningar fara í gang 7. desember.

Árni Bjarnason fór yfir aðdraganda málsins og sagði ÁS að hann hefði haft samband við lögfræðinga sem gáfu það út að það væri löglegt er gera þetta með þessum hætti. Uppstillinganefnd er involuð í málið og hún tilkynnir hverjir hafa boðið sig fram þegar þar að kemur.

Stjórnarmennirnir Páll Halldórsson, Vignir Traustason höfðu fengið málið sent eins og aðrir stjórnarmenn og voru sammála þessari tilhögun.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarmenn voru sammála því að þessi tilkynning verði send öllum fullgildum félagsmönnum og einnig að hún fari inná heimasíðuna. Guðjón Guðjónsson skorar á Árna Sverrisson að bjóða sig fram til formanns. Voru fundarmenn sammála því, það væri færsælegasta lausnin. Hins vegar er öllum frjálst að bjóða sig fram næstu þrjár vikurnar. Árni þakkaði það traust sem honum er sýnt með því að fá hvatningu að bjóða sig fram sem formaður. Hann lítur svo á að ef ekkert mótframboð kemur, þá þarf ekki að kjósa. Það er álit lögfræðinganna.

Sigbór Guðnason er þeirrar skoðunar að endurnýja skuli alla stjórnina í vor. Árni Sverrisson benti á að þá þyrfti stjórnin öll að segja af sér eða að einhverjir félagsmenn lýsi vantrausti á hana.

Á heimasíðu félagsins skal birta nöfn þeirra sem bjóða sig fram til stjórnar og formanns.

Uppstillingarnefnd 2020-2024, kosin á aðalfundi 31.maí 2019

Árni Sverrisson arnisv@skipstjorn.is Eiríkur Jónsson eikij@internet.is Friðrik Höskuldsson fridrik@lhg.is Gunnar Gunnarsson gunnigun@gmail.com og Magnús Harðarson vigholl3@simnet.is

Lög félagsins: [Lög Félags skipstjórnarmanna – Félag skipstjórnarmanna \(skipstjorn.is\)](#)

3. gr. Félagsaðild

Félagsmenn skiptast í fullgilda félaga og auka félaga.

A. Fullgildur félagi getur hver sá orðið, sem er handhafi gilds atvinnuskírteinis til skipstjórnar samkvæmt íslenskum lögum og starfar samkvæmt kjarasamningi félagsins og/eða hefur lokið prófum skv. gildandi lögum um skipstjórnarnám. Fullgildir félagar eru þeir einir sem sótt hafa um aðild að félaginu og greiða félagsgjald í félagið og hafa greitt að lágmarki í sex mánuði. Félagsaðild fellur niður hafi félagsmaður ekki greitt félagsgjöld í sex mánuði. Stjórn félagsins getur veitt undanþágu frá þessu skilyrði í sérstökum undantekningartilfellum.

9.gr. Stjórn

Kjörgengi til stjórnarkjörs hafa allir þeir sem eru fullgildir félagsmenn.

14. gr. Kosning formanns og stjórnar

Kosning skal vera rafræn og skal hefjast eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund. Kosningu skal lokið kl. 15. daginn fyrir aðalfund.

Við formannskjör er sá frambjóðenda réttkjörinn sem flest atkvæði hlýtur.

Mál 2. Árni fór fram á að hann fengi að klára sitt tímabil hjá Lífeyrissjóðnum Gildi en eitt ár er eftir af tímabilinu. Allir fundarmenn voru sammála þessu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 13:45

Árni Bjarnason
Formaður

Árni Sverrisson
Framkvæmdastjóri

Páll Ægir Pétursson
fundarritari